



Stjórnarfundur DSÍ 9. janúar 2024 kl. 20. Haldinn í íþróttamiðstöðinni í Laugardal, aðstöðu DSÍ.

Mættir Helga Björg Gísladóttir, Atli Már Sigurðsson, Kara Arngrímsdóttir, Árni Sigurgeirsson, Þórunn Anna Ólafsdóttir og Svava H Friðgeirsdóttir, mætti kl. 20:20.

Forföll: Ólafur Már Hreinsson

Gestir: Bergrún Stefánsdóttir framkvæmastjóri DSÍ

1. **Framkvæmdastjóri DSÍ kemur með erindi frá afreksstjóra varðandi landslið - breytingar á reglum.**  
Gestur: Bergrún

Umræður voru um erindi afreksstjóra. Ákveðið að samþykkja erindið og sjá hvernig málin þróast.

## 2. **RIG – Reykjavik International Games**

Aðgangseyrir er kr. 1500, sem gildir bæði á dag- og kvöldkeppni. Þátttökugjald kr. 7000.

25 borð verða í boði. Borðið kostar 20 þúsund.

Led skilti – fá auglýsingar á þau

**RIG OPEN – keppni** – sér keppni verður seinnipartinn á deginum og útslit í beinni útsendingu á RUV. Ákveðið að eftirfarandi flokkar verði á þessari keppni:

- Börn I/II 3 dansar - Latin
- Unglingar I/II 5 dansar - Ballroom
- Ungmennir / Fullorðnir 16 ára eldri 5 dansar Ballroom og latin í fullorðnum

Skráning framlengd til 14. Janúar 2024

Athuga með að fá erlend pör – 2 til 3 pör í hvorri grein. Bergrún athugar málið.

Klæðareglur DSI gilda á mótinu en Unglingar I fylgja eldri flokknum.

Bergrún fer af fundi.

## 3. **Erindi frá Hvönn**

Erindi Hvannar tekið fyrir. Formaður tekur málið áfram.

## 4. **Danspar ársins**

Ein tilnefning barst. Nicolo Barbizi og Söru Rós Jakobsdóttir frá Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar sem Dansíþróttapar ársins 2023. Þessi ákvörðun var tekin á milli stjórnarfunda.

## 5. **Erindi frá samskiptaráðgjafa ÍSÍ**

Erindi samskiptaráðgjafa ÍSÍ tekið fyrir. Formaður tekur málið áfram.

## 6. Samfélagsmiðlar DSÍ

Þurfum að setja strúktúr fyrir samskiptamiðla. Setja leiðbeinandi tilmæli til félaga og þau svo sett saman reglur fyrir sín félög. Árni tekur að sér að gera drög fyrir næsta fund.

Deilingar á samfélagsmiðla DSÍ. Rætt um hvað megi að fara á samfélagsmiðla DSÍ. Sameiginlegur skilningur stjórnar að auglýsingar varðandi námskeið félaga fari ekki inn á miðilinn en námskeið sem eru opin öllum iðkendum dansíþróttarinnar séu leyfð á samfélagsmiðlum.

## 7. Fagaðstoð fyrir landsliðsþör

Formaður greindi frá fyrirspurn hvort við myndum styrkja landsliðsþör til íþróttasálfræðings. Ákveðið að gera það. Upphæð ákveðin kr. 20.000 pr. einstakling sem nýta má bæði fyrir sjúkráþjálfun og íþróttasálfræðing. Mun verða endurskoðað þegar að landsliðsreglur verða endurskoðaðar.

## 8. Samstarf með Barnaheill

Forvarnarverkefnið *Verndarar barna* er á vegum Barnaheilla. Þjóða þau uppá námskeið um forvarnir gegn kynferðisbrot á börnum. Þetta verkefni innifelur eftirfarandi sem hægt er að taka sem einstaka liði eða í heild:

- Vinnustofa – 4 klst. Farið ítarlega í efnið. Kostnaður er kr. 12.000 á pr.einstakling.
- Fyrirlestur - 1,5 klst. Stiklað á stóru varðandi efnið, bæði í sal og á Teams. Kostnaður kr. 100.000
- Erindi 40 mín fyrir ungmenni sem starfa við þjálfun. Kostnaður kr. 40.000

Ákveðið að fara í samstarf með Barnaheill og DSÍ borgar kostnað.

## 9. Önnur mál

- a) Samskipti stjórnar. Ákveðið að útbúa Facebook grúbbu fyrir stjórn.
- b) Erlendir dómara. Jóhann hefur haft veg og vanda að vali á dómurum. Rætt var um hvort að fleiri ættu að koma að ákvörðun um hverjir dómara verða eftir til að kenna landsliði eftir keppnir.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 22.22

Fundagerð ritaði Svava Halldóra Friðgeirsdóttir